

Iðnfræði	IFH 102 202 302 401 501	8 ein.
Iðnteikning	ITH 102 202 302	6 ein.
Klipping	KLP 103 202 303 403 503	14 ein.
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL 103	3 ein.
Náttúrufraeði	NÁT 103	3 ein.
Permanent	PEM 102 202 302 402 502	10 ein.
Skeggsnyrting og rakstur	RAK 102 201	3 ein.
Þjónustusiðfræði	ÞSF 101	1 ein.
Öryggis- og félagsmál	ÖRF 101	1 ein.

**Starfsþjálfun 72 vikur****72 ein.**

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Nám samkvæmt nýrri brautarlýsingu hefst skólaárið 2005-2006. Nemendum sem hafa þegar hafið nám í hársnyrtiðin á grundvelli fyrri brautalýsinga aðalnámskrár framhaldsskóla er heimilt að ljúka námi skv. þeirri skipan.

*Menntamálaráðuneytinu, 7. mars 2005.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

*Guðmundur Árnason.*

**GJALDSKRÁ****fyrir holræsagjald á Fljótsdalshéraði.**

1. gr.

Hverjum þeim sem á hús, húshluta, lóð, jörð eða aðra fasteign á Fljótsdalshéraði eða leigir slíka eign sem holræsi hefur verið lagt í og tengt er fráveitu í eigu sveitarfélagsins ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitar sjóðs.

2. gr.

Upphæð holræsagjalds skal vera 0,195% af fasteignamati allra húsa og lóða, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

3. gr.

Sé ekkert mannvirki á lóðinni eða mannvirki eru ekki tengd fráveitu í eigu sveitarfélagsins greiðist ekkert holræsagjald. Holræsagjald skal greiða frá og með fyrsta heila almaksári eftir að bygging er fókheld.

4. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð eða eignarland er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með veði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði án tillits til eigendaskipta.

## 5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega. Holræsagjald er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 6. gr.

Stofngjald holræsa skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitur í eigu Fljótsdalshéraðs. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis.

Stofngjald holræsa skal vera sem hér segir:

Landnotkunarflokkur samkvæmt aðalskipulagi	Grunngjald	m <sup>3</sup> -gjald	Athugasemdir
A Byggingar á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir verslun og miðsvæðum	37.170	26,53	m <sup>3</sup> gjald reiknast af m <sup>3</sup> umfram 400. Hámarks-gjald er kr. 200.000
B Byggingar á öðrum svæðum (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði o.fl.)	37.170	26,53	m <sup>3</sup> gjald af m <sup>3</sup> umfram 1.000. Hámarksgjald er kr. 200.000

Þegar um viðbyggingar er að ræða reiknast einungis rúmmetragjald samkvæmt framan-sögðu, nema viðbyggingin krefjist nýrrar heimæðar eða breytinga á heimæð sem fyrir er.

Ofangreind gjöld miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í desember 2004 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir vísitölu byggingarkostnaðar í janúar hvert ár, í fyrsta sinn í janúar 2006.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt Fljótsdalshéraðs um fráveitur sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og var samþykkt af umhverfis- og náttúruverndarnefnd Fljótsdalshéraðs þann 9. febrúar 2005 og staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs 16. febrúar 2005, til að taka gildi við birtingu.

*Egilsstöðum, 16. febrúar 2005.*

**Anna Björk Hjaltadóttir**, umhverfisfulltrúi Fljótsdalshéraðs.